

Forleikur

PRAG, 1868

Óvinurinn kveikti varðelda í kvöldhúminu, einn af öðrum, fleiri en nokkru sinni fyrr. Ljósín blikuðu eins og logandi gimsteinar í gráma sléttunnar, svo mörg að var sem hulduborg hefði sprottið úr iðrum jarðar. Innan múranna hjá okkur, hins vegar, voru gluggahlerar luktir á húsum og ljósín slökkt. Það höfðu orðið undarleg endaskipti á hlutunum – Prag sjálf var myrk og dauð, en sveitirnar umhverfis blikuðu af lífi.

Brátt fór vindinn að lægja. Hann hafði verið hvass á vestan klukkustundum saman, og bar nýsón af ferðum innrásarmanna – skrölt í umsátursvélum, köll hermanna og dýra, andvörp fanginna anda, lyktina af seiðum. Nú lögð vindinn undrafljótt og þögnin grúfði í loftinu. Ég sveif hátt yfir Strahovklausrinu, rétt fyrir innan glæsilega borgarmúrana, sem ég hafði reist þrjú hundruð árum fyrr. Stinnir vængir mínir blökuðu sterklegum, hægum tókum; augu mín fóru yfir skynsviðin sjö, út að sjónrönd í fjarska. Ekki var það kátleg sjón. Meginstyrkur breska hersins var falinn á bak við huliðshimnur, en orkubylgjur voru þegar farnar að gára við rætur Kastalahæðar. Það mótaði fyrir árunum af miklum liðsveitum anda í húminu; með hverri mínútu sem leið voru snöggir skjálftar á sviðunum til marks um að fleiri herdeildir væru að bætast við. Flokkar af mennskum dátum fóru hnitmiðað yfir dökkan svörðinn. Í hópi þeirra miðjum stóð þyrping af stórum, hvítum tjöldum. Þau voru kúpt eins og egg rokfuglsins, og höfðu um sig töfraskildi og fleiri galdra, þéttofna eins og köngulóarvefi.

Ég hóf sjónir mót skyggðum himni. Hann var önunglegt samkrull dökkra skýja, klesstur gulum rákum í vestri. Í mikilli hæð, svo varla sást í fölnandi birtu, eygði ég sex depla sem hnitugu langt utan skrugufæris. Þeim miðaði stöðugt áfram og voru að kortleggja borgarmúrana í síðasta sinn, og kanna styrk varna okkar.

Vel á minnst ... það þurfti ég líka að gera.

Við Strahovhliðið, sem var mesta útskotið og veikasti hlekkur múranna, hafði turninn verið hækkaður og styrktur. Hinar fornu hliðdyr voru innsiglaðar með þreföldum galdraseiðum, og miklum fjölda af töfragildrum, og brjóstvörnin uppi á turninum var þéttskipuð vökulum vörðum.

Ja, það var alla vega ætlunin.

Upp á turninn flaug ég, haukshöfða, lipurvængja, dulinn á bak við net huliðspráða. Ég sté niður berum fótum, án þess minnsta hljóð heyrðist, á háa steinbrík. Ég beið eftir snöggu viðbragði, hraustlegum ummerkjum um snarpa árvekni.

Ekkert gerðist. Ég lét huliðspræðina falla, og beið eftir einhvers konar hálfvolgri árvekni. Ég hóstaði hátt. Enn ekki neitt.

Glitrandi töfraskjöldur varði hluta af brjóstvörninni, og á bak við hann hímdu fimm verðir. Skjöldurinn var í mjórra lagi, hugsaður fyrir einn mennskan dáta, eða þrjá djinna í mesta lagi. Svo allt var á iði.

„Ætlarðu að hætta að ýta?“

„Ái! Passaðu á þér klærnar, auli!“

„Færðu þig aðeins. Afturendinn á mér stendur alveg útfyrir. Þeir gætu séð hann.“

„Ja, það eitt gæti hrakið þá á flóttu.“

„Alveg rólegur með vænginn! Þú varst rétt búinn að pota úr mér augað.“

„Nú, breyttu þér þá í eitthvað minna. Kannski grasmaðk.“

„Ef þú setur olnbogann í mig einu sinni enn ...“

„Það er ekki mér að kenna. Það er þessi Bartimæus sem tróð okkur hingað. Hann er svoddan montr ...“

Þetta var allsherjar fíflagangur og slæpingsháttur, sem ég læt hjá líða að lýsa til fulls.

Haukshöfða stríðshetjan felldi vængi sína, steig fram og náði athygli varðanna með því að slá

saman hausunum á þeim.

„Hvurslags eiginlega varðstaða er þetta?“ hvæsti ég. Nú var þolinmæði mín ekki upp á marga fiska; ég var orðinn lúinn í innviðunum eftir sex mánaða óslitna þjónustu. „Hímandi bak við skjöld, þrasandi eins og fisksölukonur ... ég skipaði ykkur að vera á verði.“

Eftir vesældarlegt, fálmandi írafár með niðurlútu trýni, rétti froskurinn upp hönd.

„Afsakið, herra Bartimæus,“ sagði hann, „en til hvers að vera að skima í kringum sig?

Bretarnir eru úti um allt – á himni og á jörðu. Og við heyrðum að þeir séu með heila hersingu af afrítum þarna. Er það satt?“

Ég beindi gognum út að sjónhring og píróði augun. „Kannski.“

Froskurinn andvarpaði. „En við höfum ekki einn einasta, er það? Ekki síðan Phoebus féll. Og þeir eru með maríða líka, fréttum við, fleiri en einn. Og að foringinn hjá þeim sé með staf – mjög öflugan, er sagt. Tætti upp París og Köln á leiðinni hingað, segja þeir. Er það satt?“

Höfuðfjadrirnar á mér bærðust lítið eitt í golunni. „Kannski.“

Froskurinn skræmti. „Æ, þetta er alveg hörmulegt, er það ekki? Nú er öll von úti. Þeir hafa kveðið upp linnulaust allan eftirmiðdaginn, sem þýðir bara eitt. Þeir ráðast til atlögu núna í kvöld. Við verðum allir dauðir í fyrramálið.“

Ja, ekki var hann að stappa í okkur stálinu með þessu tali. Ég setti hönd á vörtum hlaðna öxl hans. „Sjáðu til, félagi ... uh, hvað heitirðu annars?“

„Nubbin, herra.“

„Nubbin. Sko, þú skalt ekki trúá öllu sem þú heyrir, Nubbin. Jú, jú, breski herinn er sterkur. Raunar hef ég ekki séð marga sterkari. – Nú, segjum að hann sé rammöflugur. Segjum að þeir hafi maríða, heilu herdeildirnar af afrítum, og skipsfarma af horlum. Segjum að allt hellist þetta yfir okkur í kvöld, einmitt hér við Strahovhliðið. Nú, látum þá bara koma. Við kunnum krók á móti bragði.“

„Eins og hvað, herra?“

„Brögð sem salla niður þessa afríta og maríða þegar þeir koma svífandi. Brögð sem við höfum allir lært í hita og þunga ótal bardaga. Brögð sem þýða einmitt það sem ljúfast er: að lifa af.“

Útstæð augu frosksins depluðu við mér. „Þetta er mín fyrsta orusta, herra.“

Ég bandaði hendi ópolinmóður. „Ja, ef það bregst, heyrði ég frá djinnnum keisarans að galdramenn hans séu að vinna að einhverju. Öftustu varnarlínunni. Sjálfsagt einhver kjánastrik.“ Ég klappaði á öxlina á honum, karlmannlegur í bragði. „Ertu ekki miklu hressari núna, félagi?“

„Nei, herra. Ég er heldur vondaufari.“

Nú, jæja. Hvatningarræður voru svo sem aldrei mín sérgrein. „Gott og vel,“ rumdi ég. „Ég mæli með að vera snöggur að víkja sér undan, og taka til fótanna þegar kostur er. Ef heppnin er með munu húsbændur ykkar falla á undan ykkur. Sjálfur ætla ég að veðja á það.“

Ég vona bara að þessi barátturæða hafi komið að gagni, því það var einmitt þá sem atlagan hófst. Í fjarska upphófst titringur á öllum sjö skynsviðum. Við fundum allir fyrir því: eindregni valdsmannslegri skipun. Ég snerist á hæl til að skima út í rökkrið, og eitt af öðru spruttu höfuð varðanna upp fyrir brjóstvörnina.

Úti á sléttunni fór herinn mikli af stað.

Á móts við höfuð þeirra, svífandi á uppstreyminu frá skyndilegu hvassviðri, komu djinnarnir, brynjaðir í hvítu og rauðu, og báru mjó silfurydd spjót. Það þaut í vængjum þeirra; hrikti í turnunum af hrópum þeirra. Fyrir neðan streymdi draugslegur aragrúi á fæti: horlur með þríforka úr tálguðu beini, smeygjandi sér inn í skemmur og hús utan múra, í leit að bráð. Við hlið þeirra liðu óljósir skuggar – gúlar og fylgjur, vofur kulda og eymdar, þokukenndar á öllum skynsviðum. Og svo, með miklu skrölti og smellum í skoltum, risu þúsund púkar og fólíótar úr jörðu eins og sandstormur eða yfirþyrmandi ger býflugna. Allt þetta og margt fleira, þusti ófluga í átt að Strahovhliðinu.

Froskurinn drap á olnbogann á mér.

„Eins gott að þú spjallaðir við okkur, herra. Nú er ég aldeilis öruggur með mig, þökk sé þér.“ Ég heyrði varla til hans. Ég starði í fjarskann, handan við uggvænlegan herskarann, á lágan hól nærri kúptu, hvítu tjöldunum. Þar stóð maður og hélt á loft priki eða staf. Hann var of langt í burtu til að ég sæi hann vel, en ég fann að hann var öflugur. Ára hans lýsti upp hólinn í kringum hann. Á meðan ég fylgdist með skutust nokkrar eldingar úr vaðandi skýjunum, og stungust þversum í gegnum enda stafsins. Hóllinn, tjöldin, hermenn, sem biðu, stóðu sem snöggvast í skjannabirtu eins og um hábjartan dag. Ljosið dó út, og orkan dróst inn í stafinn. Þrumur kváðu við í kringum umsetna borgina.

„Svo þetta er hann þá?“ Tautaði ég. „Hinn frægi Gladstone.“

Nú nálgudust djinnarnir múrana, á leið yfir opin svæði og nýrústuð mannvirki. Um leið spratt sending úr jörðu; blágrænir logar þeyttust upp í loft og framverðirnir brunnu upp til agna á fluginu. En logarnir kulnuðu, og hinir héldu áfram.

Þetta var merki til varnarliðsins að hefjast handa: hundrað púkar og fólíótar komu í ljós á múrunum, gáfu frá sér hvell óp og sendu skruggur í átt að fljúgandi hersingunni. Árásarliðið svaraði í sömu mynt. Vítislogar og hringiður mættust og sló saman í hálförökkrinu, skuggar dönsuðu og snerust á móti ljósglæringunum. Fyrir handan voru útjaðrar Prag í ljósum logum; fremstu horlurnar hópuðust fyrir neðan okkur, og reyndu að spretta upp bindigöldrunum sem ég hafði notað til að treysta undirstöður múrana.

Ég hóf upp vængina, þess albúinn að vinda mér í slaginn; við hlið mér þandi froskurinn út bringuna og kvakaði djarflega. Á næsta augnabliki skaust orkuskeyti úr staf galdramannsins á hólnum í fjarska, þeyttist um himininn, og skall á turni Strahovhliðsins, rétt neðan við brjóstvörnina. Skjöldur okkar rifnaði eins og bréflklútur. Steinlím og grjót molnaði, turnþakið hrundi niður. Ég hringsnerist í loft upp –

– og datt næstum alveg niður á jörð, en lenti á vagnhlassi af heyböggum sem hafði verið dregið inn fyrir hliðið áður en umsátrið hófst. Yfir höfði mér logaði í stoðbjálkum turnsins. Ég kom ekki auga á neinn varðanna. Púkar og djinnar æddu um í ringulreið á himninum fyrir ofan, og skiptust á töfragusum. Skrokkar dattu af himni og kveiktu í þökum. Konur og börn hlupu æpandi úr húsum í kring. Strahovhliðið nötraði af klóri þríforka horlanna. Það mundi ekki standast lengi.

Varnarliðið þurfti á hjálp minni að halda. Ég losaði mig úr heyinu, eldsnöggur að vanda.

„Þegar þú ert búinn að tína stráin af lendaskýlunni, Bartimæus,“ sagði rödd, „er þín vænst í kastalanum.“

Haukshöfða stríðsmaðurinn leit upp. „Uh – hæ, Queezle.“

Tíguleg hlébarðaynja sat á miðju stræti, og horfði á mig flöskugrænum augum. Á meðan ég fylgdist með reis hún makindalega á fætur, gekk nokkur skref til hliðar, og settist aftur. Gusa af logandi tjöru skall á steinalöginni þar sem hún hafði verið, svo eftir sat rjúkandi gígur.

„Nóg að gera hjá þér?“ spurði hún.

„Jú, jú. Við erum búin að vera hérna.“ Ég stökk niður af kerrunni.

„Bindigaldarnir í veggjunum virðast vera að gefa sig,“ sagði hlébarðaynjan, og leit á nötrandi hliðið. „Svona er það þegar fúskarar sjá um hlutina. Hvaða djinni skyldi hafa byggt þetta?“

„Ja, nú veit ég ekki,“ sagði ég. „Jæja, – er húsbóndinn að kalla á okkur?“

Hlébarðaynjan kinkaði kolli. „Vissara að flýta sér eða við fáum glóandi tangir. Við skulum fara fótgangandi. Það er of margt á ferli í loftinu.“

„Gott og vel, vísaðu veginn.“

Ég skipti um ham og varð pardusdýr, svart sem miðnæturhiminn. Við hlupum upp mjóar göturnar í átt að Hradcanytorgi. Strætin, sem við fórum, voru auð; við sneyddum hjá þeim svæðum þar sem örvilnað fólk streymdi eins og búfé. Nú logaði í æ fleiri byggingum, rjáfur hrundu, veggir féllu saman. Umhverfis þökin dönsuðu litlir púkar, og veifuðu glóðum í höndum sér.

Við kastalann stóðu keisarapjónar á torginu í skímu flöktandi lukta, og tíndu húsgögn upp á

kerrur; við hlið þeirra voru hestasveinar að bjástra við að beita hestum fyrir kerrurnar. Himinninn yfir borginni var stráður marglitum ljósglæringum; að baki, frá Strahov og klaustrinu, bárust dynkir frá sprengingum. Við smeygðum okkur inn um aðaldyrnar án fyrirstöðu.

„Já, þú heldur að keisarinn ætli að forða sér?“ másaði ég. Púkar fóru fram hjá okkur í óðagoti með klæðastranga sem vógu salt á höfðinu.

„Honum er meira umhugað um sína ástkæru fugla,“ sagði Queezle. „Vill að afritar okkar fljúgi með þá úr allri hættu.“ Græn augun depluðu við mér í mæðulegri kátínu.

„En allir afritarnir eru dauðir.“

„Satt segirðu. Jæja, þá erum við rétt komin.“

Nú vorum við komin í norðurálmú kastalans, þar sem galdramennirnir héldu til. Keimur af töfrum loddí fast við steinana. Niður háar tröppur hlupu hlébarði og pardus, út á verönd sem vissi út að kastalasíkinu, inn um bogadyr þar sem gengið var út í neðri vinnustofuna. Þetta var víður, kringlóttur salur sem spannaði næstum alla jarðhæð Hvíta turnsins. Hingað hafði ég oft verið kveðinn upp í gegnum aldirnar, en nú var venjulega töfradótið – bækur, ilmkurlsker, kertastjakar – vikið til hliðar, og þess í stað komin röð borða og tíu stóla. Á hverju borði var kristalskúla með flöktandi ljósi; á hverjum stól sat galdramaður og rýndi hver í sína kúlu.

Algjör þögn var í salnum.

Húsbóndi okkar stóð út við glugga, og horfði í kíkí upp í dökkan himin. Hann tók eftir okkur, gaf merki um að hafa hljótt, bandaði okkur síðan inn í hliðarherbergi. Grátt hár hans var orðið hvítt af álagi undanfarinna vikna; bogið nefið drúpti mjótt og samanklemmt, og augun voru rauð eins og í púka. Hann klóraði sér aftan á hálsinum. „Þið þurfið ekki að segja mér neitt,“ sagði hann, „ég veit hvert stefnir. Hvað eigum við mikinn tíma eftir?“

Pardusinn sveiflaði rófunni snöggt. „Kannski klukkutíma, ekki meira en það.“

Queezle leit um öxl í átt að salnum þar sem galdramennirnir unnu hljóðir. „Ég sé að þið eruð að kveða út gólemana,“ sagði hún.

Hann kinkaði kalli. „Þeir valda óvininum miklum usla.“

„Það dugar ekki,“ sagði ég. „Sama þótt það séu tíu. Ertu búinn að sjá hvað herinn þarna er stór?“

„Að vanda, Bartimæus, er álit þitt óígrundað og óumbeðið. Þetta er ekki hugsað nema sem gálgafræstur. Við ætlum að koma hans hágöfgi undan um austurtröppurnar. Þar er bátur til reiðu á ánni. Gólemarnir munu slá hring um kastalann og verja undankomuleið okkar.“

Queezle starði enn á galdramennina; þeir lutu djúpt niður að kristalskúlunum, og mynduðu hljóðar skipanir í sífellu með vörunum handa verum sínum. Daufar myndir á hreyfingu í kristalskúlunum sýndu hverjum um sig það sem þeirra gólem sá. „Bretarnir munu ekkert hirða um skrímslin,“ sagði Queezle. „Þeir leita uppi stjórnendurna hérna, og drepa þá.“

Húsbóndinn beit á jaxlinn. „En þá verður keisarinn kominn úr hættu. Og það er einmitt það verk sem ég ætla að fela ykkur – að gæta hans hágöfgi á meðan hann sleppur. Er það skilið?“ Ég rétti upp loppu. Hann andvarpaði þungan. „Já, Bartimæus?“

„Ja, sko –,“ sagði ég, „ef ég mætti koma með tillögu, herra. – Prag er umkringd. Ef við reynum að flýja með keisarann, munum við öll bíða voveiflegan bana. Af hverju ekki bara að gleyma gamla flóninu, og laumast á brott? Við Karlovastræti er lítill björkjallari með uppþornuðum brunni. Ekki djúpum. Opið er dálítið þröngt, en –“

Hann hleypti brúnum. „Á ég að fela mig þar?“

„Ja, það yrði mjótt á munum, en ég held við gætum komið þér ofan í. Kúluvömbin á þér gæti orðið til vandræða, en ekki svo að sé ekki hægt að troða – æ!“ Það fór um feldinn á mér; ég snarpagnaði. Eins og ævinlega urðu glóandi tangirnar til þess að ég gleymdi hvað ég ætlaði að segja.

„Andstætt þér,“ rumdi hann, „skil ég merkingu orðsins hollusta! Það þarf ekki að skikka mig til að koma sómasamlega fram við húsbónnda minn. Ég endurtek: bæði skuluð þið verja líf

hans með ykkar eigin. Er það skilið?“

Við kinkuðum kolti með semingi; í sama mund nötraði gólfið af sprengingu einhvers staðar í nágrenninu.

„Komið þá,“ sagði hann. „Tíminn er naumur.“

Aftur fórum við upp stigann, og um bergmálandi ganga kastalans. Skærir blossar lýstu upp gluggana; uggvænleg óp kváðu við úr öllum áttum. Húsbóndi minn hljóp á spóaleggjum sínum, mäsandi í hverju skrefi; við Queuele skokkuðum við hlið hans.

Loks komum við út á verönd þar sem keisarinn hafði árum saman haft fuglaskála sinn. Hann var stór í sniðum, haganlega byggður úr skrautlegum bronsstöngum, með hvelfingum og turnspírum, fódursyllum, og dyrum svo keisarinn gæti spókað sig fram og aftur. Að innan var skálinn fullur af trjám og pottarunnum og ótalmörgum afbrigðum páfagauka. En forfeður þeirra höfðu verið fluttir til Prag úr fjarlægum löndum. Keisarinn var heillaður af þessum fuglum; þegar á leið, eftir því sem völd Lundúna efdust og keisaradæmið rann úr greipum hans, hafði hann tekið upp á því að sitja langtímum saman í fuglaskálanum innan um vini sína. Nú, þegar næturhiminninn var stokkinn töfraglæringum, var írafár á gaukunum, svo þeir flögruðu um skálann í fiðurdrífu og skræktu allt hvað af tók. Keisarinn, sem var lágvaxinn, þybbinn maður í satínboxum og hvítri knipplingaskyrtnu, var ekki mikið betur á sig kominn. Hann reifst við fuglafræðinga sína og hundsáði ráðgjafana sem þyrptust um hann.

Forsætisráðherrann, Meyrink, fögur og dapureygur, kroppaði í ermina á sér. „Fyrir alla muni, yðar hágöfgi. Bretar eru að streyma upp Kastalahæð. Við verðum að koma yður undan –“

„Ég get ekki yfirgefið fuglaskálan! Hvar eru galdramenn mínir? Kallaðu þá hingað!“

„Herra, þeir heyja orustu –“

„Nú, en afrítar mínir? Minn trúfasti Phoebus ...“

„Herra, eins og ég hef sagt yður nokkrum sinnum áður –“

Húsbóndi minn olnbogaði sig í gegnum þvöguna. „Herra: ég er kominn með Queuele og Bartimæus, sem munu aðstoða okkur við undankomuna, og síðan bjarga yðar undursamlegu fuglum.“

„Tveir kettir, maður? Tveir kettir?“ Keisarinn hvítnaði um munninn og herpti varirnar.

Við Queuele hvolfdum augum upp í loft. Hún breyttist í bráðsnotra stúlku; ég brá mér í líki Ptólemeusar. „Jæja, yðar hágöfgi,“ sagði húsbóndi minn, „austurþrepin ...“

Miklir hvellir í borginni; helmingur úthverfanna stóð nú í ljósum logum. Smápúki veltist yfir þakið á jaðri verandarinnar, og logaði í skottinu á honum. Hann nam staðar við hlið okkar.

„Ég bið leyfis að gefa skýrslu, herra. Hópur af illvígum afrítum er að brjóta sér leið upp að kastalanum. Sókninni stýra Honorius og Patterknife, einkaþjónar Gladstones. Þeir eru mjög svo ógurlegir, herra. Sveitir okkar hafa látið undan síga fyrir þeim.“ Púkinn hikaði og leit á rjúkandi skottið á sér. „Leyfi til að finna vatn, herra?“

„Og gólemarnir?“ Spurði Meyrink.

Púkinn hryllti sig. „Já, herra. Þeir voru einmitt að ráðast til atlögu. Ég hélt mig í öruggri fjarlægð, vitaskuld, en ég held að bresku afrítarnir hafi hopað lítið eitt, óskipulega. Nú, en sem ég var að segja um vatn ...“

Keisarinn hrópaði upp af ákafa. „Mikil ósköp! Við erum að vinna!“

„Þetta eru ekki nema stundargrið,“ sagði Meyrink. „Komið, herra, við verðum að fara.“

Þótt keisarinn mótmælti, var hann drifinn frá búrinu í átt að rimlahliði. Meyrink og húsbóndi minn fóru fremstir, lágvaxinn keisarinn á eftir, falinn innan um hirðmennina. Við Queuele rákum lestina.

Ljósglampi. Yfir þakið að baki okkar komu tvær svartar verur í stökkum. Tötrakuflar flöksuðust um þær, gul augu brunnu innan í hettunum. Þær fóru yfir veröndina í stórum, svífandi stökkum, og námu sjaldan við stéttina. Í fuglaskálanum sló skyndilega þögn á fuglana.

Ég leit á Queuezle. „Þú eða ég?“

Snotra stúlkan brosti við mér svo skein í beittar tennur.

„Ég.“ Hún fór til baka til móts við gúlana. Ég hljóp áfram á eftir fylgdarliði keisarans.

Handan við hliðið var mjó gönguleið norður með síkinu meðfram kastalaveggnum. Fyrir neðan stóð gamli bærinn í ljósum logum; ég sá bresku sveitirnar hlaupa um göturnar, og íbúa Prag á flóttu, berjast og falla fyrir þeim. Allt virtist þetta langt í burtu. Eina hljóðið sem barst til okkar var andvörp í fjarska. Púkahópar sveimuðu hér og þar eins og fuglar.

Nú var keisarinn hættur að andmæla hástöfum. Hópurinn flýtti sér þögull gegnum nóttina.

Jæja, klakklaust hingað komin. Nú vorum við komin að svarta turninum, efst á austurtröppunum, og leiðin fram undan var opin.

Vængjasláttur; Queuezle lenti við hlið mér, öskugrá í framan. Hún var með sár á síðunni.

„Vandræði?“ spurði ég.

„Ekki með gúlana. Afríti. En gölem kom – eyddi honum. Það er allt í lagi með mig.“

Áfram þrepin niður eftir hæðinni. Birtan frá brennandi kastalanum speglaðist í ánni Vltava fyrir neðan okkur og sveipaði hana draumkenndri fegurð. Við mættum engum, eftirför var engin, og brátt vorum við komin út úr mesta orustugnýnum.

Eftir því sem áin nálgadist, fórum við Queuezle að skiptast á léttbrýnum tillitum. Borgin var

glötuð, sem og keisaradæmið, en ef við slyppum núna yrði það nokkur hughreysting í

ósigrinum. Því þótt okkur væri meinilla við ánaudina, fannst okkur líka grautfúlt að tapa. Nú leit út fyrir að við slyppum.

Fyrirsátin var gerð þegar við vorum rétt komin niður af hæðinni.

Sex djinnar og hópur púka vatt sér út á þrepin fyrir neðan okkur. Keisarinn og hirðmenn hans hrópuðu upp og hrukku til baka. Við Queuezle bjuggumst til að stökkva.

Það var hóstað stuttlega fyrir aftan okkur. Við snerumst á hæl sem einn maður.

Grannur ungur maður stóð fimm þrepum fyrir ofan okkur. Hann var með ljóst, hrokkið hár, stór, blá augu og gekk í ílskóm og kyrtli með síðrómversku sniði. Hann var dálítið feiminn og vælulegur á svip, eins og hann gæti ekki unnið flugu mein. Þó var eitt smáatriði við hann, sem ég komst ekki hjá að taka eftir, sumsé að hann hélt á gríðarmikilli sigð með silfurblaði.

Ég leit á hann á hinum skynsviðunum, í þeirri veiku von að hann væri í raun sérvitur mannvera á leið á grímuball. Ekki var því að heilsa. Þetta var afríti og býsna öflugur. Ég kyngdi. Ekki var þetta nú gæfulegt.

„Herra Gladstone biður að heilsa keisaranum,“ sagði ungi maðurinn. „Hann óskar þess að keisarinn komi á sinn fund. Þið hinir leppalúðar megið láta ykkur hverfa.“

Nú, þetta hljómaði ágætlega. Ég leit vonaraugum á húsbónda minn, en hann benti mér með offorsi að sækja fram. Ég andvarpaði og steig hikandi skref í átt að afrítanum.

Ungi maðurinn smellti í góm. „Æ, láttu ekki svona. Þetta er vita vonlaust hjá þér.“

Hádstónninn espaði mig upp. Ég reigði mig. „Gættu þín,“ sagði ég köldum rómi. „Þér er ekki hollt að vanmeta mig.“

Afrítinn lyfti brúnum með yfirdrifnu áhyggjuleysi. „Nú? Áttu þér nafn?“

„Nafn?“ sagði ég stundarhátt. „Ég á mér mörg nöfn! Ég er Bartimæus! Ég er Sakhr alJinni! Ég er N’gorso hinn mikli og silfurfiðraði höggormurinn!“

Ég þagnaði til að leggja áherslu á orð mín. Ungi maðurinn var tómlegur á svip. „Nei, – kannast ekki við þig. Jæja, ef þú vildir bara –“

„Ég hef rætt við Salómon –“

„Já, já.“ Afrítinn bandaði hendi. „Þú ert ekki einn um það. Hann var nú býsna ræðinn, karlinn.“

„Ég hef endurbyggt múra Úrúk, Karnak og Prag –“

Ungi maðurinn var sposkur. „Prag? Nú, þessa múra hérna? Þá sem Gladstone molaði niður á fimm mínútum? Varstu kannski líka að vinna í Jeríkó?“

„Jú, mikið rétt,“ skaut Queuezle inn í. „Ein af hans fyrstu byggingarframkvæmdum. Hann talar

ekki mikið um það, en – “

„Sjáðu, Queezle – “

Afrítinn mundaði sigðina. „Síðustu forvöð, djinni,“ sagði hann. „Láttu þig hverfa. Þú hefur ekki sigur í þetta sinn.“

Ég yppiti öxlum mæðulega. „Jæja, það kemur allt í ljós.“

Sem það og gerði, því var nú verr og miður. Og raunar tafarlaust. Fyrstu fjórum skruggunum frá mér varðist hann lipurlega með sigðinni. Sú fimmta, sem ég hafði gert býsna kröftuga, kastaðist aftur beint á mig, svo ég þeyttist út af stígnum niður hæðina, í skæðadrífu af eigin innviðum. Ég reyndi að standa á fætur, en hneig niður viðþolslaus. Ég var of mikið særður; gat ekki jafnað mig nógu fljótt.

Uppi á stígnum voru púkarnir að steypa sér yfir hirðmennina. Ég sá Queezle og hraustlegan djinna þjóta hjá með klærnar um háls hvort öðru.

Með móðgandi kæruleysi, rölti afrítinn niður brekkuna til mín. Hann hóf upp sigðina.

Og á þeirri stundu lét húsbóndi minn til skarar skríða.

Hann hafði ekki verið sérlega góður húsbóndi, svona yfirleitt – til að mynda beitti hann tóngunum úr hófi fram – en mér finnst að síðasta verk hans hafi verið það besta.

Púkarnir voru allt í kringum hann, gnæfðu yfir höfði hans, smeygðu sér milli ökkla, teygðu sig í keisarann. Hann hrópaði af bræði og dró skruggusprotu úr jakkavasanum. Einn af þeim nýju sem alkemistar í Gullnu götu höfðu búið til út af bresku hættunni. Þeir voru klunnalegt, fjöldaframleitt drasl, sem hætti til að springa of fljótt, eða alls ekki. Það var vissara, ef þeim var beitt, að kasta þeim snöggt í átt að andstæðingnum. En húsbóndi minn var dæmigerður galdramaður. Hann var óvanur návígi. Honum tókst raunar að babla skipunarorðin, en fór síðan að hika, hélt sprotanum yfir höfði sér og gapti við púkunum, eins og hann vissi ekki hvern þeirra hann ætti að velja.

Hann hikaði aðeins of lengi.

Hvellurinn tætti upp hálfar tröppurnar. Púkar, keisari og hirðmenn þeyttust í loft upp eins og blásið væri á biðukollu. Sjálfur hvarf húsbóndi minn með öllu, eins og hann hefði aldrei verið til.

Og við dauða hans urðu fjötrarnir sem héldu mér að engu.

Afrítinn hjó niður sigðinni, einmitt þar sem höfuð mitt hafði legið. En hjó í auðan svörð.

Þannig að eftir nokkrar aldir, og tylft húsbænda, brustu bönd mín við Prag. En sem dauðfegnir innviðir mínir flúðu í allar áttir, og ég leit niður á brennandi borgina og þrammandi dáta, á hljóðandi börn og hoppandi púka, – á dauðateygjur eins heimsveldis og blóðskírn þess næsta, – verð ég að segja, að ég var svo sem ekki sigri hrósandi.

Ég hafði á tilfinningunni að allt ætti þetta eftir að versna til muna.